

Ed.

227. Frumvarp til laga

[100. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1968 skulu bætur samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, aðrar en fjölskyldubætur, hækka eftir því, sem við getur átt, um 10% frá því, er þær að meðtalinni verðlagsuppbót voru í nóvembermánuði 1967.

Fjölskyldubætur skulu frá 1. desember 1967 vera jafnháar og þær voru í nóvembermánuði 1967.

Bótafjárhæðir almannatrygginga, eins og þær verða eftir gildistöku laga þessara, skulu frá 1. janúar 1968 teljast grunnupphæðir, sbr. lög nr. 70/1967, um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 1. og 2. málsgreinar þessarar greinar, skulu reiknaðar í heilum krónum, þannig að hálf króna eða stærra brot hækkar í heila krónu, en minna brot fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1968 beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, að framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginga yrði hækkað um 31.5 millj. kr. frá því, sem það var áætlað, er frumvarp til fjárlaga var lagt fram í þingbyrjun. Nam fjárhæð þessi 10% af hluta ríkissjóðs til annarra útgjalda en fjölskyldubóta. Hefur verið gert ráð fyrir, að hlutur annarra framlagsaðila hækki um sama hundraðshluta, svo að unnt verði að bæta hlutaðeigandi bótaþegum verðhækkanir, sem gengislækkun íslenzkrar krónu hefur í för með sér, en lagaákvæði um sjálfkrafa breytingar á verðlagsuppbót á bætur hafa nú verið afnumin.

Í meðfylgjandi frumvarpi er lagt til, að bætur lífeyristrygginga, aðrar en fjölskyldubætur, verði ásamt bótum slysatrygginga og sjúkradagpeningum hækkaðar í samræmi við framangreinda hækkun framlaga til lífeyristrygginga. Í 10% hækkuninni er innifalin sú 3.39% hækkun, sem átti sér stað 1. desember s. l. vegna aukinnar verðlagsuppbótar.

Takmörkun sú á hækkun bóta, sem skírskotað er til með orðunum „eftir því sem við getur átt“ snertir þær bætur, sem ekki eru inntar af hendi í peningum, svo sem sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, enn fremur kaup og aflahlut, sbr. 39. gr. laga nr. 40/1963, og bætur frjálsra trygginga, sem ákvarðast af frjálsum samningi milli aðila. Sé hámark eða lágmark heimildarbóta tiltekið, hækka slík mörk, en um hækkun einstakra bótagreiðslna, sem fullnægja lágmarksákvæðum, fer eftir ákvörðun þeirra aðila, sem úrskurðarvald eiga í því efni.